

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 28. október, var haldinn 87. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Nichole Leigh Mosty (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Ragnheiður Anna Þorsteinsdóttir, foreldrar barna í leikskólum og Sindri Smárasón, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Díska Guðjónsdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Aukið lýðræði í skóla- og frístundastarfi. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að setja á fót starfshóp um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Sérstaklega verði skoðaðar hugmyndir um umboðsmann ungmenna, ungmenningar o.fl. Starfshópurinn skoði m.a. og greini innlendar og erlendar fyrirmyndir. Starfshópurinn verði skipaður fulltrúum stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, fulltrúum menntavísindasviðs HÍ, fulltrúum Reykjavíkurráðs ungmenna, fulltrúum foreldra og sérfræðingum á skóla- og frístundasviði.

Greingargerð fylgir. SFS2015100119

Samþykkt.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. október 2015, um tillögur um móðurmálaskennslu. Jafnframt lögð fram forgangs- og innleiðingaráætlun um móðurmálaskennslu barna með annað móðurmál en íslensku. SFS2015100132
- Kl. 11:43 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. október 2015, samþykkir skóla- og frístundaráð áætlun um forgangsörðun og kostnaðargreiningu á tillögum starfshóps um móðurmálaskennslu barna með annað móðurmál en íslensku.

Samþykkt.

Fríða Bjarney Jónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. október 2015, varðandi skýrslu starfshóps um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði. Jafnframt lögð fram skýrsla starfshóps um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði, dags. 21. ágúst 2015. SFS2014100198

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar starfshópi borgarstjóra um fjármál skóla- og frístundasviðs fyrir góða vinnu og felur sviðsstjóra að vinna áætlun um innleiðingu eða nánari úrvinnslu þeirra tillagna sem koma fram í skýrslunni. Tillögurnar og áætlunin verði lögð fram til afgreiðslu í skóla- og frístundaráði eigi síðar en 11. nóvember 2015.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja tillöguna með hefðbundnum fyrirvara um endanlegt samþykki enda verði umræddar áætlanir um innleiðingu eða tillögur um nánari úrvinnslu þeirra tillagna, sem fram koma í skýrslunni, lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu áður en þær öðlast gildi.

- Kl. 12.04 tekur Kristján Gunnarsson sæti á fundinum.

4. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 30. september 2015, um að auka fjölbreytileika í námsumhverfi skólanna. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. október 2015, um hugmyndina. SFS2015090260

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að kynna tillögu um aukinn fjölbreytileika í námsumhverfi skólanna fyrir stjórnendum grunnskóla og frístundamiðstöðva sem og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Samþykkt.

5. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 14. október 2015:

Skóla- og frístundaráð fer þess á leit við borgarráð að samþykkt verði fjárveiting til endurbóta á þeim gervigrasvöllum á skólalóðum Reykjavíkurborgar, sem eru með dekkjakurl á yfirborði, og þess í stað sett viðurkennt gæðagras og gúmmí, sem stenst ýtrustu heilbrigðis- og umhverfiskröfur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð óskar eftir kostnaðarmati frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar á tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á gervigrasvöllum á skólalóðum Reykjavíkurborgar sem eru með dekkjakurl á yfirborði. Jafnframt verði óskað eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hvort efnið telst hættulegt heilsu manna og hvort ætla megi að það sé nú í því magni á völlum að grípa þurfi til aðgerða.

SFS2015100035

Samþykkt með 5 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Nægar upplýsingar um ásigkomulag umræddra skólavalla og kostnað við endurbætur á þeim liggja nú þegar fyrir enda hefur málið verið til skoðunar hjá Reykjavíkurborg

árum saman. Þá liggja fyrir umsagnir um málið frá ýmsum aðilum, þ.á.m. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Óþarfi er því að tefja málið frekar eins og markmiðið virðist vera með þessari málsmeðferðartillögu Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt að fé verði veitt til verksins í yfirstandandi fjárhagsáætlunarvinnu svo unnt verði að hefjast handa við umræddar framkvæmdir árið 2016.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Nokkur umræða hefur verið um möguleg heilsufarsleg áhrif af notkun dekkjakurla á gervigrasvöllum í borginni. Ekki eru rannsóknir á sambærilegum málum erlendis samhljóða um það hvort börnum sé hættu búin af ástundun á völlum með samskonar dekkjarkurli og hefur fagfólk í heilbrigðisþjónustu og á opinberum stofnunum hérlandis efast um það. Við eigum hins vegar alltaf að láta börn njóta vafans í þeim efnum og því er óskað eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um umrædda tillögu og álits á því hvort dekkjakurlið sé hættulegt heilsu manna. Jafnframt er mikilvægt að fá úr því skorið hvort kurlið er til staðar á völlum í því magni að grípa þurfi til aðgerða, eða hvort það hafi með tímanum veðrast burt, eins og haldið hefur verið fram af embættismönnum á vettvangi ráðsins. Meirihlutinn mun taka ábyrga afstöðu til málsins þegar þessar upplýsingar hafa borist, með hagsmuni og heilsu barna að leiðarljósi.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. október 2015, um úthlutun almennra styrkja og þróunarstyrkja árið 2014. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir almenna styrki, þróunarstyrki og fasta styrki. SFS2015100117
7. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi leikskólavistun hjá Reykjavíkurborg, dags. 20. október 2015. SFS2015100067
8. Lagður fram samningur Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við hælisleitendur ásamt viðaukum dags. 14. október 2015. Jafnframt lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. október 2015. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar kynnir og svarar fyrirspurnum auk þess sem Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri/ráðgjafi fjölmenningar í leikskóla fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, svarar fyrirspurnum. SFS2015100131
9. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. október 2015, með yfirliti yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs. Jafnframt lögð fram erindisbréf eftirfarandi hópa; starfshóps um endurskoðun auglýsinga í skóla- og frístundastarfi, starfshóps um sumarþjónustu við börn í Klettaskóla (Guluhlíð og Öskju), stýrihóps um stofnun og starfsemi „Miðstöðvar máls og læsis“, verkefnisstjórnar um mál og læsi í skóla- og frístundastarfi, starfshóps um samráð við foreldra í skólalaldi í leik- og grunnskólum, starfshóps um ábyrga notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi og erindisbréf starfshóps um sérkennslu og stuðning. SFS2015100017
10. Lagt fram minnisblað starfshóps um þéttingu byggðar, dags. 1. október 2015, um þéttingu byggðar. Jafnframt lagt fram yfirlit um nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2015-2016, dags. 1. október 2015. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2013010180
11. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi stöðu biðlista eftir greiningu og þjónustu við börn í skóla- og frístundastarfi, dags. 12. október 2015. SFS2015090078

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir þakka greinargóð svör við fyrirspurn varðandi stöðu biðlista eftir greiningum og þjónustu við börn í skóla og frístundastarfi. Það vekur athygli hve biðtími eftir hinum ýmsu greiningum getur verið mjög mislangur eftir hverfum borgarinnar og ekki er ólíklegt að í a.m.k. undir vissum aðstæðum brjóti það í bága við jafnræðisreglur. Þegar rætt er um lengd biðlista í Breiðholti í samanburði við biðlista í öðrum hverfum borgarinnar er oft minnst á því til skýringar að umfangsmikil og mikilvæg þjónusta er veitt börnunum inni í skólunum í Breiðholti á meðan beðið er eftir greiningum og að stundum sé vandinn leystur með þeim hætti. En allt á sér nokkrar hliðar og lengd biðlista í Breiðholti má að hluta til útskýra með tímafreku frumkvöðlastarfi sem skólateymi þjónustumiðstöðvar Breiðholts hefur unnið til að byggja upp þjónustuna gagnvart börnunum, frumkvöðlastarf sem hefur síðan verið hægt að nýta á vegum annarra þjónustumiðstöðva borgarinnar. Má ekki líta á það sem nokkuð réttlætismál að koma því á einhvern hátt til móts við sérstakar þarfir skólateymis þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem gæti orðið til þess að vinda verulega niður af raunverulegum biðlistum þar þannig að megi stytta þá all verulega úr þeim þremur árum sem í dag er nokkuð algengt. Í því sambandi væri áhugavert að fá Hákon Sigursteinsson sálfræðing skólateymis þjónustumiðstöðvar Breiðholts á fund til að kynna þá sértæku þjónustu og frumkvöðlastarf sem skólateymið stendur fyrir í samstarfi við starfsfólk leik og grunnskóla hverfisins.

Áheyrnarfulltrúar skólastjóra í grunnskólum og kennara í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar skólastjórnenda og kennara í Reykjavík sendu frá sér áskorun til sveitarfélaga, ríkis og fleiri aðila 12. apríl síðastliðinn, vegna barna í vanda í skólakerfinu, í samvinnu við Samfok og fleiri hagsmunasamtök. Þessi áskorun er ítrekuð þar sem staðan er enn þannig að þjónusta og stuðningur við börn með hegðunarvanda, kvíða, tilfinningavanda, geðræn vandamál, málhömlun, vímuefnavanda og þroskahamlanir er engan veginn viðundandi. Biðlistinn á BUGL, Þroska- og hegðunarstöð og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er lengri en ár, algengt er að biðlisti hjá talmeinafræðingum sé 12-18 mánuðir og dæmi eru um að börn í ákveðnum hverfum borgarinnar þurfi að bíða í 2 ár eða meira eftir greiningum og þjónustu. Á meðan beðið er eftir þjónustunni vex vandinn og verður í sumum tilfellum óyfirstíganlegur fyrir bæði skólann og heimilin. Skorað er á Reykjavíkurborg í samvinnu við ríkið að bregðast við þessum vanda með öllum tiltækum ráðum. Uppræta þarf biðlista og grípa fyrr inn í mál, áður en vandinn er orðinn óyfirstíganlegur, auka sérfræðiþjónustu í skólum, styðja betur við fjölskyldur og fjölga meðferðarúrráðum fyrir börn í miklum vanda.

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að auka gagnsæi í stjórnsýslu ráðsins með því að birta gögn, sem formlega eru lögð fram á fundum ráðsins á netinu samhliða fundargerðum og gera þau þannig aðgengileg almenningi. Gögn, sem bundin eru trúnaði vegna persónuverndarsjónarmiða, verði undanskilin.

Frestað. SFS2015100136

Fundi slitið kl. 14.10

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Marta Guðjónsdóttir

Kjartan Magnússon
Nichole Leigh Mosty
Sabine Leskopf